

Hérinn og gulrótin

Einu sinni var.... Ég veit ekki hvar það var eða hvenær það var.... en það var vetur og ískalt og snjórinn lá hvítur yfir öllum túnum, engjum og fjöllum.

Já, einu sinni var héri sem hafði ekki fengið neitt að borða allan daginn og var orðinn svo svangur að honum var illt í maganum. Hann fór því út að leita að mat og hann var heppinn, því úti á veginum fann hann tvær stórar gulrætur. Hann át aðra þeirra strax en þegar hann var búinn var hann orðinn saddur. Hann sagði við sjálfan sig: "Það snjóar og það er svo kalt. Góði vinur minn hesturinn á örugglega engan mat heldur. Það er best að hann fái hina gulrótina". Og svo hljóp hann að hesthúsinu. En hesturinn var ekki heima svo hérinn lagði gulrótina á borðið og fór heim.

Hesturinn hafði nefnilega líka farið út að leita að mat. Hann fann litla körfu með kartöflum og gekk glaður heim með þær. En þegar hann gekk inn um dyrnar kom hann auga á gulrótina. "Hvaðan skyldi hún koma", velti hesturinn fyrir sér. - Svo át hann kartöflurnar og sagði við sjálfan sig: "Það snjóar og það er svo kalt. Góða vinkona mín kindin á örugglega engan mat heldur. Það er best að hún fái hina gulrótina". Og svo fór hesturinn að fjárhúsinu og lagði gulrótina þar.

En kindin, hún hafði einnig farið út að leita að mat. Hún fann kál og hljóp glöð heim með það. En þegar hún gekk inn um dyrnar kom hún auga á gulrótina: "Hvaðan skyldi hún koma", velti kindin fyrir sér. - Svo át hún sitt kál og sagði við sjálfa sig: "Það snjóar og það er svo kalt. Góði vinur minn geithafurinn á örugglega engan mat heldur. Það er best að hann fái hina gulrótina". Og svo hljóp hún að húsi geitarinnar og lagði gulrótina þar.

En geithafurinn hafði einnig farið út að leita að mat. Hann fann bagga af ljúffengu heyi og hljóp glaður heim með hann. En þegar hann kom inn í hús sitt kom hann auga á gulrótina. "Hvaðan skyldi þessi gulrót koma", velti hann fyrir sér. Svo át hann heyið og sagði svo við sjálfan sig: "Það snjóar og það er svo kalt. Góði vinur minn hérinn á örugglega engan mat heldur. Það er best að hann fái hina gulrótina". Og svo hljóp hann að húsi hérans. En hérinn var farinn að sofa. Hann lá og svaf og geithafurinn tímdi ekki að vekja hann. Hann lagði bara gulrótina frá sér og gekk sína leið.

Stuttu seinna vaknaði hérinn og kom auga á gulrótina, nuddaði augun og sagði: "Hvaðan skyldi þessi gulrót koma"? - Svo hugsaði hann sig um og sagði við sjálfan sig: "Nú, hana hefur örugglega góður vinur fært mér".

Og svo borðaði hann gulrótina sína með bestu lyst.